

52 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir fræðslustyrktarsjóð
10. maí Skriðdalshrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 10. maí 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

fræðslustyrktarsjóð Skriðdalshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er til orðinn af frjálsum samskotum og árstíllögum og stendur hann jafnan opin fyrir þeim.

Sjóðurinn er að upphæð 375 krónur.

2. gr.

Sjóðinn skal setja á vöxtu í Söfnunarsjóði Íslands, eða annan tryggan sjóð. Þó skal heimilt að lána fje úr honum til þarflegra fyrirtækja innan hreppsins, gegn hreppsábyrgð.

3. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi reikningshald sjóðsins, og skal leggja sjóðsreikninginn, með hreppsreikningnum, til endurskoðunar fyrir sýslufund.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, skal hann taka til starfa. Eftir það skal árlega leggja við höfuðstólinn $\frac{1}{3}$ ársvaxtanna, en $\frac{2}{3}$ skal varið til þess að styrkja fátæk börn eða unglínga til náms.

5. gr.

Ef sjóðurinn verður svo stór, að $\frac{2}{3}$ ársvaxtanna nægja til að styrkja öll börn hreppsins til náms eftir þörfum þeirra, þá skal þeim varið svo.

Verði enn peningar afgangs þeim kostnaði, skal þeim varið til þess að styrkja fátæka unglínga til framhaldsnáms.

6. gr.

Hreppsnefnd skal þriðja hvert ár velja tvo menn úr sínum hóp til þess að ákvarða í samráði við fræðslunefnd, hvernig styrknum skuli úthlutað.

7. gr.

Vilji einhverjir ekki njóta styrktar úr sjóðnum, skulu þeir tilkynna fræðslunefnd það, fyrir lok ágúst mánaðar ár hvert.

8. gr.

52

Verði gjörbreyting á núgildandi fræðslulögum og leggist niður fræðslu- 10. maí
nefndir, svo að ákvæði skipulagsskrár þessarar þar að lútandi þurfi að falla
burt, er kenslumálaráðuneytinu falið að setja í þeirra stað ný ákvæði í sam-
ræmi við síðari fræðslulöggjöf.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Skriðdalshreppi, Stóra-Sandfelli, 15. desember 1925.

Björn Guðnason.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir námsstyrktarsjóð

53

Ólafs Guðmundssonar og Katrínar Sveinsdóttur í Firði í Mjóafirði, útgefin á 10. maí
venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. maí 1926.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**námsstyrktarsjóð Ólafs Guðmundssonar og Katrínar Sveinsdóttur í
Firði í Mjóafirði.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir námsstyrktarsjóður Ólafs Guðmundssonar og Katrínar
Sveinsdóttur í Firði í Mjóafirði. Hann er stofnaður 1925 af eftirlifandi börnum
þeirra hjóna. Tilgangur hans er að styrkja til háskólanáms, þegar stundir
líða, niðja þeirra og fleiri.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins, 500 krónur, hefir verið lagt í aðaldeild Söfnunarsjóðs
Íslands til æfinlegrar ávöxtunar. Stofnaukinn verður með vöxtum fjárins, sem
jafnóðum leggjast við höfuðstól, ennfremur gjafir, áheit eða framlög ætt-
ingja, er styrkja vilja sjóðinn.